

# Skólaráð

---

Skólaráð 18.05 2011 kl. 8:15

16. fundur

**Mættir:** María Pálmadóttir, skólastjóri, Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Hrefna Nellý forstöðumaður heilsdagsskóla, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra, Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra. Saga Sif Gísladóttir og Arnór Daði Eiríksson, fulltrúar nemenda.

Kristín Thoroddsen, fulltrúi grenndarsamfélags boðaði forföll, einnig Selma Jónasdóttir, kennari og Bjartey Sigurðardóttir, kennari.

## 1. Skóladagatal 2011-2012

Farið yfir drög að skóladagatali í öllum árgöngum og það lagt fram til samþykktar. Skólastjórnendur óska eftir að tveir skipulagsdagar á haustönn 2011, 27. september og 17. nóvember verði færðir á 24. og 25. október vegna fyrirhugaðrar námsferðar starfsmanna skólans.

Starfsfólk Setbergsskóla hefur hug á að fara í náms- og kynnisferð til Edinborgar dagana 20. – 25. október 2011. Ferðin er hugsuð til að við getum kynnt okkur fjölbreytta kennsluhætti og námsmat, strauma og stefnur í skólamálum og fleira tengt skólastarfi almennt. Fyrirhugað er að fara í skólaheimsóknir í valda skóla og fá fyrirlestra um valin viðfangsefni. Með þessu vonumst við til að fá nýjar hugmyndir og lausnir, glæða starfsánægju og verða styrkari í að leita nýrra og fjölbreyttari leiða í starfi.

Til að af þessari ferð geti orðið og dagarnir nýst sem best þarf að færa skipulagsdaga sem eru þann 27. september og 17. nóvember. Þannig getum við nýtt virka daga til skólaheimsóknna og fræðslu en skilyrði fyrir styrk úr Vonarsjóði er að tveir heilir dagar fari í fræðslu.

Haft var samband við þá fulltrúa sem ekki mættu á fundinn og breytingin lögð fyrir þá. Tillagan var samþykkt af öllum fulltrúum skólaráðsins.

## 2. Valgreinar

Farið yfir framboð valgreina í unglíngadeild. Nemendur í unglíngadeild hafa 32 stundir í kjarna og 5 stundir í valgreinum. Tveir lífsleiknitímar verða í unglíngadeild á næsta skólaári, þar af hefur umsjónarkennari annan þeirra til ráðstöfunar með sínum hópi. Val utan skóla er einnig metið sem valgrein, t.d. tónlistarnám, dans og listdans, íþróttir og knapamerkið. Nemendur sem stunda nám utan skóla fá það að hámarki metið sem fimm kennslustundir. Gerðir eru formlegir samningar við alla nemendur og fylgt eftir mati á því námi sem nemendur stunduðu utan skóla. Boðið verður upp á val í 8. bekk næsta vetur, verið að móta það sem í boði verður en nemendur í 8. bekk munu einnig fá nám utan skóla metið sem valgrein. Fulltrúar foreldrar leggja áherslu á mikilvægi þess að námsmat í valgreinum sé viðhaft eins og í öðrum kennslugreinum og þar með sé gildi valgreina undirstrikað, undir það taka aðrir fundarmenn.

## Skólaráð

---

### 3. Heilsdagsskólinn – skýrsla starfshóps

Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag heilsdagsskóla í Hafnarfirði lögð fram. Skólaráðsfulltrúar hvattir til að kynna sér efni skýrslunnar og sækja fund sem fyrirhugaður er vegna málefna heilsdagsskólans á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

### 3. Önnur mál

1. Farið yfir nemendafjölda næsta vetur, bekkjarfyrirkomulag og starfsmannamálin.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið kl. 9:30

María Pálmadóttir ritaði fundargerð.